

Framkvæmdasjóður ferðamannastaða

Samningur um styrk, verknúmer 20-0035

Framkvæmdasjóður ferðamannastaða, kt. 490911-1970, hér eftir nefndur styrkveitandi, og Dalabyggð, kt. 5106942019, Miðbraut 11, 370 Búðardalur, hér eftir nefndur styrkþegi, gera með sér eftirfarandi samning um styrkveitingu

1. gr.

Markmið

Samkvæmt lögum nr. [75/2011 um Framkvæmdasjóð ferðamannastaða](#) er markmið og hlutverk sjóðsins að stuðla að uppbyggingu, viðhaldi og verndun ferðamannastaða, tryggja öryggi ferðamanna, vernda náttúru landsins og fjölga viðkomustöðum ferðafólks.

2. gr.

Gildissvið

Um styrkveitinguna gilda skilmálar samnings þessa, sem styrkþegi hefur kynnt sér og skuldbindur sig til að hlíta með undirritun sinni, og [reglugerð um Framkvæmdasjóð ferðamannastaða nr. 782/2017](#).

Undirritaður samningur skal hafa borist Ferðamálastofu fyrir **21.05.2020**. Berist samningur ekki innan tilskilins frest fellur styrkurinn niður.

3. gr.

Fjárhæð styrks og mótframlag

Styrkurinn er að fjárhæð **kr. 16.158.307,-** til Dalabyggð – **Minningarreitur um sagnaritarann Sturlu Þórðarson**.

Mótframlag styrkþega er að jafnaði 20% af styrkfjárhæð og getur það verið í formi útgjalda og rekstrar-, vinnu- eða launakostnaðar, sem hluti verkefnsins.

Styrkfjárhæðin greiðist inn á reikning **0312-26-001818**.

4. gr.

Verklýsing

Verkefnið setja upp söguskilti á leiðinni heim að Staðarhóli frá Þjóðveginum. Þau eru 7 talsins við götuna og á eyðibýlinu. Þá er gert ráð fyrir því að setja trépall umhverfis gamla húsið, en á því verða líka upplýsingaskilti. Með þessu á öryggi ferðamanna að vera tryggt, jafnframt því sem sögulegar minjar skemmast ekki.

5. gr.

Framkvæmd verkefnis

Allur frágangur við verkefnið skal vera í samræmi við lög, reglugerðir og samþykkt viðmið. Reikningar vegna verkefnisins skulu vera skýrt aðgreindir í bókhaldi frá annarri starfsemi.

Styrkur er veittur til tilgreindra verkefna skv. 4. gr. samnings þessa. Styrkþega er óheimilt að framselja styrkinn eða ráðstafa honum til annarra aðila eða til annarra verkefna en samningur þessi hljóðar um.

Styrkþegi skal tilkynna Ferðamálastofu án tafar ef breytingar verða á högum hans sem geta haft áhrif á framkvæmd verkefnisins. Samningur fellur niður ef breytingarnar skerða möguleika hans á að ljúka verkefninu á tilsettum tíma.

Ferðamálastofa áskilur sér rétt til skoðunar á framvindu verkefna.

6. gr.

Frávik

Styrkþega er **skytt að leita fyrirfram samþykkis styrkveitanda** ef fyrirsjáanlegt er að frávik/breytingar eða tafir kunni að verða á verkefninu eða framkvæmd þess skv. 4. og 5. gr. samnings þessa.

Frávik/breytingar frá gerðum samningi sem ekki hefur verið samþykkt fyrirfram getur leitt til þess að styrkur verður felldur niður skv. 10. gr. reglugerðar nr. 782/2017 um Framkvæmdasjóð ferðamannastaða.

7. gr.

Skil á framvindu- og lokaskýrslu

Lokaskýrslu ásamt fylgigögnum skal skila þegar verkefni er **að fullu lokið** samkvæmt verklýsingu 4. gr. samnings þessa en eigi síðar en **18.03.2021**.

Heimilt er að skila inn framvinduskýrslu sem lýsir a.m.k. hálfnuðu verki.

Skýrslum skal skilað rafrænt í gegnum þjónustugátt á vef Ferðamálastofu.

Með lokaskýrslu, og eftir atvikum framvinduskýrslu, skal skila eftirfarandi gögnum:

- Myndum af framkvæmdastað sem lýsa aðstæðum við upphaf verkefnis og að því loknu. Myndir verða að vera í því formi að þær sýni gang verkefnis ef skilað er framvinduskýrslu.
- Afrit af öllum reikningum og kostnaðaryfirlit um eigið framlag ef við á.
- Önnur gögn sem Ferðamálastofa telur nauðsynleg t.d. teikningar og skipulagsupprættir

Hafi lokaskýrsla ekki borist fyrir tilsettan tíma, er heimilt að fella styrkinn niður og er hann afturkræfur, hafi ekki komið fram sérstakar skýringar eða fyrirfram samið um annað sbr. 10. gr. samnings þessa.

8. gr.

Greiðsla styrks

Styrkur greiðist út til styrkþega í samræmi við samþykktu kostnaðar-, verk- og framkvæmdaráætlun þegar verkefninu er að fullu lokið og lokaskýrsla samþykkt.

Ef styrkþegi nýtir heimild skv. 2. mgr. 7. gr. samnings þessa til að skila framvinduskýrslu sem lýsir a.m.k. hálfnuðu verki greiðast 40% af styrkfjárhæðinni við samþykkt hennar. Lokagreiðsla, 60%, greiðist út þegar verkefni er lokið.

Styrkurinn er til greiðslu á útlögðum kostnaði skv. reikningum.

Styrkveitandi greiðir út að jafnaði innan 30 daga frá því að fullnægjandi gögn berast.

9. gr.

Ábyrgð styrkhafa

Styrkþegi er ábyrgur fyrir eðlilegu viðhaldi svæðis og mannvirkja er tengjast viðkomandi verkefni. Sjóðurinn tekur ekki á sig skuldbindingar við uppfærslu, viðhald eða viðgerðir á mannvirkjum sem tengjast styrkveitingu.

Styrkþegi ábyrgist með undirritun sinni að öll lögbundin leyfi og samþykktir vegna framkvæmdarinnar liggi fyrir.

Ferðamannastaðir sem hljóta styrk úr Framkvæmdasjóði ferðamannastaða skulu vera opnir gjaldfrjálsri umferð almennings eftir því sem nánar er kveðið á um í lögum og reglugerðum. Landeiganda er heimilt að taka gjald fyrir veitta þjónustu.

10. gr.

Vanefndir

Brot styrkþega á gerðum samningum eða öðrum skilmálum um úthlutun styrkja úr Framkvæmdasjóði ferðamannastaða, veitir Ferðamálastofu heimild til að stöðva greiðslur til styrkþega, fella niður styrk og krefjast fullrar endurgreiðslu þegar styrkþegi hefur fengið hluta styrksins greiddan fyrirfram.


Brot á samningi getur einnig haft áhrif á möguleika styrkhafa til frekari styrkveitinga.

Mál sem kunna að rísa af ágreiningi í samningnum skulu rekin fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

Reykjavík, 30. apríl 2020

F.h. Framkvæmdasjóðs ferðamannastaða

F.h. Styrkþega


Sólrun Anna Jónsdóttir,
Rekstrarstjóri Ferðamálastofu

Fylgiskjal I

Viðbótarupplýsingar með samningi við Framkvæmdasjóð Ferðamannastaða.

Samkvæmt kröfu Fjársýslu ríkisins er ekki hægt að bóka samninga eða ganga frá greiðslum nema viðbótarupplýsingar fylgi með samningi. Þessar upplýsingar eru til að greina betur m.a. hvert opinbert fjármagn rennur, í hvers konar verkefni og stuðningur við kynjaða fjárhagsgerð ríkisins.

Vinsamlegast fyllið meðfylgjandi form út og sendið til baka með undirrituðum samningi við Framkvæmdasjóð ferðamannastaða.

Taflan hér fyrir neðan er með fimm flokkum og þarf að setja X í þá reiti sem styrkurinn fellur undir, fylla þarf út fyrir hvern flokk fyrir sig og haka með X, en eingöngu eitt X í hverjum flokki.

Atvinnuvegaflokkun		Undirtegund styrks	Landfræðileg flokkun		Tegund umsækjanda		Kynjahlutföll starfa sem skapast	
00	Óflokkað	00	Óflokkað	00	Óflokkað	0	Óflokkað	0
01	Bygginga- og mannvirkjagerð	01	Markaðssetning og kynningarmál	01	Höfuðborgarsvæðið	1	Karl	1
02	Ferðaþjónusta	02	Nýsköpun og atvinnuþróun	02	Suðurnes	2	Kona	2
03	Landbúnaður	03	Ráðgjöf og fræðsla	03	Vesturland	3	Fyrirtæki	3
04	Matvælaíðnaður	04	Rannsóknir og þróun	04	Vestfirðir	4	Ríkisstofnun	4
05	Málm- og efnaframleiðsla	05	Frumherjastyrkir	05	Norðurland Vestra	5	Sveitarfélag	5
06	Orka og tengd mál	06	Einkaleyfastyrkir	06	Norðurland Eystra	6	Erlendur aðili	
07	Sjávarútvegur og fiskeldi	07	Verkefnastyrkir	07	Austurland			
08	Skapandi greinar	08	Ferðastyrkir	08	Suðurland			
09	Upplýsingatækni og rafiðnaður	09	Skipulag og hönnun	09	Erlendis			
		10	Náttúruvernd	10	Hálendið			
		11	Framkvæmdir					
		12	Átaksverkefni					
		13	Jarðhitaleit					
		14	Hagkvæm orkunotkun					

F.h. Ferðamálastofu

Sólrún Anna Jónsdóttir, rekstrarstjóri Ferðamálastofu